

1862.

13. febrúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna á Íslandi, um borgun tillaga til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

Það hefir optar en einu sinni við borið, að sýslumenn á Íslandi hafa vanrækt að borga á tækum tíma tillag sitt til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar fyrir fæstyrk þann, er þeir hafa keypt handa konum sínum eptir sinn dag. En til þess að varna því, að ríkissjóðurinn fyrir þessa sök bíði skaða, er tillögin til bráðabyrgða eru greidd úr aðalféhirzln ríkisins hér í bænum, sem venja er til, þá hefir fjárstjórninni þótt ráðlegt, að landfógetanum sé gjört að skyldu, að skýra hlutaðeiganda amtmanni frá jafnskjótt og borgun á einhverju tillagi dregst fram yfir hinn ákveðna gjalddaga, og að amtmönnum á hinn bóginn sé boðið, hverjum í því amti, sem hann er yfir skipaður, að hlutast til svo sem þörf er á, þegar í stað er þeir hafa fengið skýrslu landfógeta, að tillögin séu greidd, og að beita ef á þarf að halda fjárnámi, svo sem heimild er fyrir í lögum.

Fyrir þessar sakir skorar dómsmálastjórnin á yður, herra (tit.), að þér, þegar svo ber við, sem hér er um rætt, gjörð þær ráðstafanir, sem fjárstjórnin hefir stungið upp á, til þess að tillagaskuldirnar verði heimtaðar og fjárnám gjört fyrir þeim ef á þarf að halda, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað samkvæmt þessu.

13. febrúar.

8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um það, hvernig verja skuli Thorkillii sjóði.

Í bænarskrá, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 14. nóvemberm. f. á, ásamt með álitum bæjarfógetans um málið, hafa bæjarfulltrúarnir í Reykjavík farið þess á leit, að ákvörðun sú, er þetta stjórnarráð setti í bréfi 23. ágústm. 1851 um það, hvernig verja skyldi fê Thorkillii sjóðs, verði apturkölluð, en Reykjavíkur bær fái eptir tiltölu

rètttri hlutdeild í vöxtum sjóðsins, til þess að verja því fè til kostnaðar við barnaskóla þann, sem stofna á þar í bænum samkvæmt tilskipun 12. desemberm. 1860. 1862.
13. febrúar.

Bæði bæjarfulltrúarnir og bæjarfógetinn telja það sjálfsagt, að Reykjavíkurbær eigi rétta heimting á að fá hlutdeild í vöxtum sjóðsins á þann hátt, er nú var sagt, með því bærinn sè einn hluti af Kjalarnes þingi hinu forna, en handa því hafi sjóðurinn stofnaður verið, og þeir hafa því leitast við að sýna fram á, að þær ákvarðanir um, hvernig verja skyldi sjóðnum, er stjórnarráðið gjörði í bréfinu 23. ágústm. 1851, og sem eptir því sem þeim segist frá, eru þess efnis, að þegar sjóðurinn sè orðinn 20,000 rd., þá skuli verja honum til að stofnsetja búnaðarskóla handa Kjalarnesþingi, geti ekki verið skuldbindandi fyrir bæinn, þaræð stjórnarráðið ekki geti upp á sitt eindæmi breytt einskorðuðum tilgangi slíkrar erfða- gjafar, og það sè engum efa undir orpið, að stofnun búnaðarskóla fari fjærri orðum gjafabréfsins og skýlausri tilætlun gjafarans, en tilætlun hans hafi verið sú, að gjöfinni skyldi varið til kristilegs uppfósturs þeirra barna í Kjalarnesþingi, er væru mest þurfandi allra og fátækust. Bæjarstjórnin hefir og um leið getið þess, að stofnun búnaðarskóla virðist vera næsta óhagfelld þegar litið sè á ásigkomulag þess héraðs, er sjóðurinn hafi verið ætlaður, og að Reykjavíkurbær ekki geti með neinu móti notið gjafarinnar á haganlegri hátt, eður svo samkvæmara sè tilgangi gjafarans, en ef bærinn, eptir því sem um er sótt, fengi úr sjóðnum fèstyrk eptir tiltölu, til stofnunar og viðurhalds barnaskólans, en án slíks styrks muni bærinn ekki vera fær um að standast kostnaðinn við skóla þenna.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það bæjarstjórninni, að með því vilji gjafarans var sá, að verja skyldi vöxtum af sjóðnum til kristilegs uppfósturs fátækra barna í Kjalarnes þingi, þá leiðir það þegar berlega af þessu, að ekki getur orðið umtalsmál að veita barnaskólanum í Reykjavík, eður Reykjavíkurbæjarfélagi, sem hér verður hið sama, neinn fèstyrk úr sjóði Thorkillii. Það er vitaskuld, að bæjarfélagið verður sjálft að annast um að fá sèr það fè, sem þörf er á til stofnunar og

1862. 13. febrúar. viðurbalds barnaskólanum, og þó bærinn fyrrum hafi verið einn hluti af Kjalarnes þingi hinu forna, þá er það ljósara en frá þurfi að segja, að þar af leiðir ekki annað, en að fátæk börn úr bæ þessum geta á sama hátt orðið aðnjótandi gjafarinnar og fátæk börn annarstaðar að, úr öllu Kjalarnes þingi hinu forna.

Þess skal því næst getið, að stjórnarráðið eigi fær sæð, að það komi í bága við orðatiltæki eður tilgang gjafabréfsins, að fæ sjóðsins sé varið á þann hátt, sem stjórnarráðið féllst á með úrskurði sínum 23. ágústm. 1851, þeim er áður er getið, og má í þessu tilliti gjöra ráð fyrir, að þessi skoðun, sem þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, þó virðist að hallast að, hefði eigi fram komið, ef mönnum hefði orðið skiljanlegt, hvað eiginlega er ákveðið í úrskurði þessum. Það er misskilningur er menn ætla, að stjórnarráðið hafi fallið á, að stofnsettur yrði fyrir fæ sjóðsins venjulegur búnaðarskóli; því að vísu er orðatiltæki þetta við haft í bréfinu, en af bréfinu sjálfu er öldungis ljóst, að orðið hefir ekki átt að þýða slíka stofnun, sem bæjarstjórnin hefir haft í huga sér, heldur stofnun, er væri áþekk Fellenbergsskólum, sem svo eru kallaðir, þar sem börn úr því héraði, sem sjóðurinn var ætlaður, yrðu upp alin, einkum með tilliti til þess, að þau gæti orðið hyggjir og duglegir sveitabændur. Þetta sèst ekki að eins af efni bréfsins, heldur er það einkum ljóst af því, að í úrskurðinum er einungis fallið á uppástungur þær, er stjórnendur sjóðsins höfðu gjört um það, hvernig honum skyldi verja, en uppástungur þessar fóru einmitt fram á, að komið yrði á fót slíkri stofnun, sjá bréf Bardenfleths stiptamtmanns til hins konunglega danska kansellís 5. desembr. 1840, bréf Rosenörns stiptamtmanns til biskupsins yfir Sjálands stipti, er þá hafði hlutdeild í stjórn sjóðsins, dags. 12. janúarm. 1848, og bréf stiptsyfirvaldanna til þessa stjórnarráðs, 20. febrúarm. 1851. Að slík stofnun kæmi í bága við orðatiltæki og tilgang gjafabréfsins, verður nú með engu móti fallið á; því mjög verulegur munur er á slíkri stofnun og búnaðarskóla, þegar það orð er skilið eptir venjulegri þýðing þess, þarsem almennur búnaðarskóli að eins veitir viðtöku ungum mönnum, eptir að uppeldi þeirra að öðru leyti

1862.

13. febrúar.

er lokið, til þess að uppfræða þá fyrir borgun í landbúnaði, einkum í endurbótum á búskap, og öðru er að því lýtur, en stofnun þá, sem stjórnarráðið féllst á, ber einkum að álíta sem nokkurskonar uppeldisskóla, með því gjört var ráð fyrir, að þeir, sem í hann gengju, kæmu þangað meðan þeir væru börn, og að þeir færu úr skólanum þegar þeir væru komnir á fermingaraldurinn, og að þeir, meðan þeir væru í skólanum, skyldu fá uppfræðingu í trúarbrögðunum og hinum almennu frumfræðum, en jafnframt þessu skyldi séð um, að þeir gætu lært þá vinnu, sem til íslensks landbúnaðar heyrir, en þó skyldi þessu ekki vera samfara nein vísindaleg kennsla. Þegar þess einnig er gætt, að börn þessi, meðan þau gengju í skólann, ættu að eiga þar bústað, og fá húsnæði, fatnað og fæði, með þrifnaði og sparneytni, þangað til þau sjálf gætu unnið fyrir þessu hjá öðrum, þá virðist slík stofnun vera samkvæm tilgangi gjafarans, og fullkomlega í samhljóðan við orð gjafabréfsins.

En á hinn bóginn verður eigi móti því borið, að til þess slík stofnun gæti orðið að tilætluðum notum, yrði að fást maður, er væri sérstaklegum hæfileikleikum búinn, til að takast á hendur stjórn hennar. Sè eigi slíkan mann að fá, eru, að reynslunnar vitni, allmikil líkindi til, að þess háttar stofnanir verði fremur til skaða en gagns fyrir börn þau, er þangað koma; og verði menn að jata, að mjög torvelt sè að velja menn í þessa stöðu, svo vel fari, einkum þar sem ekki eru meiri efni fyrir hendi en hér er, þá virðist vera íhugunarvert, hvort ekki sè ástæða til að leitast við að ná tilgangi gjafarans á annan hátt, eptir því sem breytzt hefir ástandið á Íslandi. Ef því þannig væri sleppt að stofnsetja eiginlegan uppeldisskóla, kæmust menn ef til vill næst hugsun gjafarans með því, að verja vöxtum sjóðsins til þess að koma fyrir þeim börnum, er eptir gjafabréfinu geta orðið aðnjótandi gjafarinnar, hjá guðhræddum og ráðvöndum mönnum, þar sem þau gætu fengið skynsamlegt og gagnlegt uppeldi og tilhlýðilegt viðurværi samkvæmt ákvörðunum gjafarans, þangað til þau sjálf gætu haft ofan af fyrir sèr hjá öðrum. Af fátækustu börnunum í Kjalarnes þingi hinu forna ætti þá öðrum

1862. fremur að taka til þessa þau börn, er hafa mist foreldra eður
 13. febrúar. vandamenn sína, eður þeir hafa yfirgefið, og því næst þau börn, er ekki geta fengið kristilegt uppeldi hjá foreldrum eður öðrum vandamönnum, heldur eru vanrækt og líða skort; þó er það vitaskuld, að til þessa þarf samþykki foreldranna, nema svo sé ástætt, að yfirvöldin, eptir hinum almennu ákvörðunum laganna, eigi rétt á að taka börnin burt frá foreldrum þeirra; svo ætti og, þegar þess er kostur, að reyna til að koma börnum þessum helzt fyrir þar, sem þau einnig gætu gengið í barnaskólann í Reykjavík, þegar hann er kominn á fót.

En áður en frekara sé að gjört, eruð þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, beðnir að láta í ljósi álit yðar um þetta efni, og að skýra um leið frá, hversu mikill sjóðurinn nú er.

15. febrúar. **9. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni, til að stunda þjóðverzku, m. m.**

Með álitsskjali dags. 27. nóvemberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við lærða skólann í Reykjavík, um að honum verði veitt leyfi til að ferðast í vor til Danmerkur og þaðan til Þjóðverjaland, til þess að læra betur þýzka tungu, og að honum í þessu skyni verði veittur 400 ríkisdala ferðastyrkur.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut á að máli, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að hann á tímabilinu frá því póstskipið kemur til Reykjavíkur í næstkomanda marzmánudi og þangað til skólaárið er á enda, fari ferð þá, sem hér er um rætt; þó verður hann að sjá fyrir því, að þær lærdómsgreinir, er hann á að kenna í skólanum, verði